



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 8. mars 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 28. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda þingsályktunartillögu.

Umboðsmaður barna styður tillöguna og vonar að hún nái fram að ganga. Í tillögunni er m.a. lagt til að breyting verði gerð á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144 þannig að verkefnum sem eru til þess fallin að stuðla að fræðslu og forvörnum fyrir ungt fólk um ofbeldi, áreitni, einelti og orðræðu ásamt verkefnum sem stuðla að fræðslu fyrir ungt fólk um ábyrga afstöðu til kynlífs, kláms og kynbundins ofbeldis sé bætt við þau verkefni sem sjóðurinn getur styrkt eða fjármagnað.

Umboðsmaður barna áréttaði í umsögn sinni við tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, 409. mál. að ekki sé að hans mati nægilegt fjármagn tryggt vegna ýmsra aðgerða er snúa að börnum og ungmennum. Þannig er hætta á að umræddar tillögur nái ekki fram að ganga og skili þar með ekki tilætluðum árangri en í áætluninni er m.a. gert ráð fyrir eflingu kennslu um kynheilbrigði og kynhegðun í grunn- og framhaldsskólum.

Umboðsmaður barna telur afar mikilvægt að styrkja fræðslu og forvarnir fyrir ungt fólk um þau atriði sem fram koma í þingsályktunartillögunni um Jafnréttissjóð Íslands. Umboðsmaður fær reglulega erindi og fyrirspurnir frá ungmennum um ýmis mál er varða einelti, sambönd og samskipti í þeim efnunum. Ljóst er að efla þarf til muna fræðslu til ungmenna á þessum sviðum og leita þarf fjölbreyttra leiða til þess. Umrædd þingsályktunartillaga er vel til þess fallin að styðja við slíka fræðslu enda er ráðstöfun opinbers fjármagns í þágu barna fjárfesting til framtíðar.

Virðingarfyllt,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna